

Fundargerð

Miðvikudaginn 29. apríl 2009 kl. 11:00 var fundur haldinn í stjórn Byggðasamlags um menningar og atvinnumál í A-Hún., á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson, Jón Gíslason, Valgeir Karlsson og Arnar Þór Sævarsson sem ritar fundargerð.

Adolf H. Berndsen, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

- 1. Netþjónabú**
- 2. Áburðarframleiðsla í A-Hún**
- 3. Framkvæmdir við Kvennaskólann**
- 4. Parhús við Árbraut**
- 5. Bréf frá Gunnari Tryggva Halldórssyni**
- 6. Samningar Byggðasamlagsins**
- 7. Önnur mál**

Afgreiðslur:

1. Netþjónabú

Jóhannes Geir Sigurgeirsson mætti á fundinn. Jóhannes gerði grein fyrir stöðu mála og næstu skrefum Fundarmenn sammála um að Jóhannes myndi útbúa gögn sem vörpuðu skýru ljósi á þá kosti sem felast í því að reisa netþjónabú í Austur-Húnavatnssýslu. Rætt var um kynnisferð sem fulltrúar Byggðasamlagsins fóru til Hollands daganna 23.-26. apríl s.l

2. Áburðarframleiðsla í A-Hún

Jóhannes gerði jafnframt grein fyrir stöðu mála varðandi hugsanlegri áburðarframleiðslu í A-Hún sem unnin hefur verið af Hákjarna ehf. Unnið er að lokaskýrslu um málið.

3. Framkvæmdir við Kvennaskólann

Stefán Árnason byggingarfulltrúi Blönduósbæjar mætti á fundinn. Stefán gerði grein fyrir kostnaðar-/forgangsáætlun um viðhald á Kvennaskólanum. Fundarmenn sammála um að Stefán tæki saman nánari gögn og upplýsingar um málið og myndi leggja það fram á næsta fundi byggðasamlagsins sem áætlaður er um miðjan maí.

4. Parhús við Árbraut

Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir varðandi framtíðarafnot parhúsins Árbrautar 33 og 35. Ljóst er vegna 75% eignarhlutar ríkisins í parhúsinu er nauðsynlegt að fá heimild frá ríkissjóði vegna hugsamlegrar sölu á eigninni. Framkvæmdastjóra falið að og óska eftir þeirri heimild.

Byggðasamlag um menningu og atvinnumál í A-Hún.

Jafnframt var framkvæmdastjóra falið að hafa samband við Aðalbjörgu Ingvarsdóttur og óska eftir fundi með henni til að ræða framtíðarhugmyndir vegna parhússins að Árbraut 33 og 35.

5. Bréf frá Gunnari Tryggva Halldórssyni

Erindinu frestað til næsta fundar.

6. Samningar Byggðasamlagsins

Málinu frestað til næsta fundar.

7. Önnur mál voru engin.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:00.